

Skólaráðsfundur

11. mars 2014.

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Kristín og Birna fulltrúar kennara, Þorsteinn fulltrúi starfsmanna, Aron og Snorri fulltrúar nemenda, Hafdís og Þröstur fulltrúar foreldra og Ingólfur fulltrúi grenndarsamfélags, starfsmaður KR og foreldri.

Halla kynnti stuttlega niðurstöður Olweus könnunar sem gerð var í desember s.l. Niðurstöður almennt góðar, nú skora stúlkur þó hærra en áður og drengir lægra. Niðurstöður verða birtar á heimasíðu skólans í samantekt.

Stuttar umræður í framhaldi. Nem. benti á að kynjablöndun í hópavinnu gæti hugsanlega verið til góðs þar sem félaganet drengja og stúlkna er misjafnt.

Er allt að koma fram í könnun sem þessari ?

Inga kom með upplýsingar um hve mörg börn skila sér í hverfisskóla s.k.v. skýrslum SFS sem svar við síðasta fundi. Viðmið 95% var reiknað út frá árunum 2006 – 2011 þá skiluðu sér 92,5 % barna sér í skólann.

Örn kynnti stuttlega umbótaáætlun skólans sem gerð var í framhaldi heildarmats.

Skóladagatal næsta skólaárs kynnt.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir